



Reykjavík, 12. september 2018  
RMF18060004  
0.12

Ráðhús Reykjavíkur - Skrifstofa borgarstjórnar  
Helga B. Laxdal  
skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjórnar

***Samþykkt um menningar-, íþróttá- og tómstundaráð***

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs þ. 10. september sl. voru lögð fram til kynningar hjálögð drög að samþykkt um menningar-, íþróttá og tómstundaráð. Ráðið gerði ekki athugasemd við framkomin drög að samþykkt sbr. 1. lið hjálagðrar fundargerðar.

Fyrir hönd menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs

*inga marín leif dóttir*

Inga María Leifsdóttir  
verkefnastjóri  
skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samþykkt fyrir menningar-, íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar  
Fundargerð menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs dags. 10. september 2018

## **Samþykkt fyrir menningar-, íþróttar- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar**

### *Umboð*

1. gr.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum, og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### *Verksvið*

2. gr.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð skal móta stefnu í menningar-, íþróttar- og tómstundamálum og tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verksviði sínu. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

3. gr.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð fer m.a. með eftirtalin verkefni á sviði menningar-, íþróttar- og tómstundamála:

1. Vinnur að eflingu íþróttar- og tómstundastarfs og hollrar tómstundaiðju almennings í Reykjavík og hefur samvinnu við þá aðila sem um slík mál fjalla.
2. Hefur eftirlit með rekstri mannvirkja á sviði íþróttar- og tómstundamála sem eru í eigu Reykjavíkurborgar eða Reykjavíkurborg hefur veitt styrk til, s.s. sundstaða, íþróttamannvirkja og menningarstofnana.
3. Gerir tillögur til borgarráðs að gerð og staðsetningu nýrra mannvirkja til íþróttar- og tómstundastarfs ásamt tillögum um rekstur þeirra eftir því sem við á.
4. Vinnur að nýsköpunar- og þróunarstarfi á sviði íþróttar- og tómstundamála, s.s. heilsubótarverkefnum, og sér til þess að til séu sem gleggstar upplýsingar um íþróttar- og tómstundamál og þá þjónustu sem í boði er.
5. Fer með málefni Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, Nauthólvíkur – ylstrandar, Sigluness og skíðasvæða.
6. Vinnur að upplýsinga-, menningar- og tómstundastarfi fyrir ungt fólk m.a. með rekstri Hins Hússins.
7. Vinnur að atvinnumálum ungs fólks í Reykjavík.
8. Hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á sviði íþróttar- og tómstundamála, að því marki sem lögin leggja skyldur á herðar sveitarfélaga.
9. Fylgist með því að starfsstaðir á vegum íþróttar- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs fari að settum reglum, veiti góða þjónustu og starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.
10. Hefur eftirlit með rekstri og gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun eftirtalinna stofnana: Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur.
11. Hefur eftirlit með framkvæmd starfssamninga Reykjavíkurborgar við lykilaðila í menningar- og listalífi borgarinnar, s.s. Leikfélag Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð í Reykjavík og gerir tillögur til borgarráðs þar um.

14. Vinnur að eflingu menningarstarfsemi í Reykjavík í samræmi við menningarstefnu borgarinnar með því m.a. að virkja menningarstofnanir borgarinnar, örva listræna sköpun og gefa almenningi tækifæri til að njóta listar og menningar.
15. Veitir styrki til menningarstarfs í borginni og umsagnir um menningartengd erindi að beiðni borgarráðs, skipar í dómnefnd um bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur og útnefnir borgarlistamann Reykjavíkur.
16. Fer með málefni menningarstarfs, menningarminja og minjavörslu og hefur frumkvæði að og tekur þátt í að móta stefnu um húsvernd og fornleifavernd.
17. Fylgist með söfnun örnefna, útgáfu örnefnaskrár og merkingu fornleifa og náttúruminja, sem Borgarsögusafn Reykjavíkur annast.
18. Gerir tillögu til borgarráðs um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri að fenginni umsögn Listasafns Reykjavíkur og skipulags- og samgönguráðs.
19. Skipar í verkefnistjórnir borgarhátiða sem haldnar eru á vegum menningar- og ferðamálasviðs, s.s. Vetrarhátiðar í Reykjavík, Barnamenningarhátiðar, hátiðarhalda á 17. júní og Menningarnætur í miðborginni að fenginni tillögu sviðsstjóra.
20. Gerir tillögur til borgarráðs um menningarstefnu og íþróttastefnu Reykjavíkurborgar.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð fer jafnframt með hlutverk stjórnar Borgarbókasafns Reykjavíkur skv. bókasafnalögum nr. 150/2012, Borgarsögusafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur skv. safnalögum nr. 141/2011, myndlistarlögum nr. 64/2012, lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi heyri undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

#### 4. gr.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

#### *Skipan*

#### 5. gr.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmögum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri-eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð getur heimilað setu áheyrnarfulltrúa á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt nánari ákvörðun ráðsins.

*Verkstjórn og verkaskipting*  
6. gr.

Formaður menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Sviðsstjóri íþróttá- og tómstundasviðs og sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs bera ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðanna.

*Boðun funda og fundarsköp*  
7. gr.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð heldur að jafnaði two fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í allt að two mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra ÍTR og sviðsstjóra MOF og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skyld er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 eftir því sem við á.

Sviðsstjórar eða staðenglar þeirra skulu sitja fundi ráðsins með málfrelni og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

*Fundaskipulag og ritun fundargerða*  
8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjóra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Íþróttá- og tómstundasvið og menningar- og ferðamálasvið sjá um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggja því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

### *Samráð*

9. gr.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð hefur nána samvinnu við félög og aðra sem hafa menningu-, íþróttá- og tómstundamál á sinni stefnuskrá, mótar stefnu um samstarf við þau og gefur þeim kost á, eftir því sem þurfa þykir, að tilnefna fulltrúa til samstarfs.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári og skal dagskrá hans og fyrirkomulag kynnt með góðum fyrirvara m.a. fyrir borgarfulltrúum, helstu samstarfsaðilum, félögum og samtökum sem starfa að menningar-, íþróttá- og tómstundamálum í borginni.

### *Fjármál*

10. gr.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjórum íþróttá- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjórar kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

### *Ráðningar*

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra íþróttá- og tómstundasviðs og menningar- og ferðamálasviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Sviðsstjórar ráða í aðrar stjórnunarstöður á sviðunum.

### *Málsmeðferð*

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.


Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska enduruptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr.

stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal menningar-, íþróttá- og tómstundaráð taka málið upp að nýju.  
Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna víast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórmar nr. 715/2013 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir íþróttá- og tómstundaráð frá 20. september 2011 og menningar- og ferðamálaráð frá 7. júní 2016.

*Samþykkt í borgarstjórn*

xxxxxx



## MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2018, mánudaginn 10. september var haldinn 3. fundur menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.30. Viðstaddir: Paweł Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Sabine Leskopf, Elín Oddný Sigurðardóttir, Katrín Atladóttir, Örn Þórðarson sem varamaður fyrir Björn Gíslason og Baldur Borgþórsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ómar Einarsson, Arna Schram, Huld Ingimarsdóttir og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Lögð fram til kynningar samþykkt um menningar-, íþróttar- og tómstundaráð. Ráðið gerir ekki athugasemdir við framkomin drög að samþykkt. RMF18060004
2. Lögð fram svohljóðandi tillaga menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs:

Í samræmi við 5. grein samþykktar um menningar-, íþróttar- og tómstundaráð er Bandalagi íslenskra listamanna og Íþróttabandalagi Reykjavíkur heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa hvoru félagi um sig til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar BÍL og ÍBR skulu boðaðir á fundi ráðsins ef mikilvæg atriði varðandi málauflokka bandalaganna eru á dagskrá.

RMF18060004

Samþykkt.

3. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 27. ágúst sl., vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlun 2019-2023, og tillaga um rammaúthlutun vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2019, dags. 21. ágúst sl. Einnig lögð fram tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og vinnslu fjárhagsáætlunar. RMF18050002
4. Fram fer umræða um drög að gjaldskrá menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2019. RMF18050003
5. Fram fer umræða um drög að gjaldskrá íþróttar- og tómstundasviðs fyrir árið 2019.
6. Lögð fram umsögn sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs og íþróttar- og tómstundasviðs um styrkbeiðni barnahátíðarinnar Kátt á Klambra. RMF18090001

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð tekur undir efni umsagnar sviðsstjóra og vísar henni til borgarráðs.

Kl. 14.37 víkur Ómar Einarsson af fundinum.

7. Lögð fram greinargerð um framkvæmd 17. júní í Reykjavík 2018. RMF18030003

Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri viðburða, og Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Fram fer kynning á Hönnunarmarsi 2018. RMF16080010

Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, og Ásthór Helgason, nýráðinn stjórnandi Hönnunarmars, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Fram fer umræða um viðburðastefnu menningar- og ferðamálasviðs sem nú er í undirbúningi. RMF17110005

Sif Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. Lögð fram trúnaðarmerkt skipan í ráðgefandi faghóp um styrki úr borgarsjóði á sviði menningarmála 2019. Trúnaðarmál þar til úthlutun styrkja hefur verið gerð opinber. RMF18080005

Samþykkt.

11. Lögð fram bréf Rithöfundasambands Íslands og Reykjavíkur Bókmennaborgar UNESCO með tilnefningum í dómnefnd Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur. Lagt er til að Sabine Leskopf taki sæti í dómnefndinni fyrir hönd menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs. RMF18040006

Samþykkt.

12. Lagt fram bréf Minjastofnunar Íslands dags. 17. júlí 2018 og afrit af bréfi Minjastofnunar Íslands til Alta dags. 17. júlí 2018 um fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði Björgunar í Álfssnesvík við Þerneyjarsund. RMF18080007

Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur, og Anna Lísa Guðmundsdóttir, verkefnastjóri fornleifa á Borgarsögusafni, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

### Fundi slitið kl. 16.06

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Örn Þórðarson

Sabine Leskopf  
Katrín Atladóttir  
Baldur Borgþórsson